



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2021

R21110024

Borgarráð

Tillaga um stýrihóp um forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf

Drög að erindisbréfi stýrihóps um forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf eru lögð fram til samþykktar. Lagt er til að borgarráð skipi Pawel Bartoszek, sem verði formaður hópsins og Skúla Helgason borgarfulltrúa, ásamt fulltrúa minnihluta í borgarráði í hópinn. Stýrihópurinn hefur það hlutverk að veita umsögn um forgangsröðun um fyrirbyggjandi verkefni og óskir um viðbyggingar og meiriháttar endurbætur á sviði skóla- og frístundamannvirkja, sbr. meðfylgjandi erindisbréf.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi stýrihóps um forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf.

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla- og frístundastarf

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Í tengslum við fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030 og átak í viðhaldi skóla- og frístundahúsnæðis er nauðsynlegt að forgangsráða framkvæmdum vegna viðbygginga og meiriháttar endurbóta. Til hliðsjónar verði höfð ný stefna um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf sem lögð er fyrir borgarráð 4. nóvember 2021.

Skipaður verður stýrihópur sem heldur utan um forgangsröðunina.

Markmið/hlutverk:

- Að mótuð verði skýr forgangsröðun í uppbyggingu skóla- og frístundamannvirkja.
- Að forgangsröðun taki mið af greiningu á valkostum og áhættumati þeirra. Langtímamarkmið um sjálfbærni í fjárfestingum og rekstri verði höfð að leiðarljósi.
- Húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt innra starf og stuðli að þátttöku, heilbrigði, öryggi og vellíðan barna og starfsfólks.
- Áhersla sé á algilda hönnun, sveigjanleika og fjölbreytta notkun mannvirkja.
- Að hugað verði að hagkvæmum rekstri til skemmri og lengri tíma.

Verkefni:

Stýrihópurinn fari yfir þau fjölmörgu verkefni sem liggja fyrir um uppbyggingu skóla- og frístundamannvirkja á næstu árum. Hópurinn veiti umsögn um forgangsröðun þeirra til undirbúnings fjárfestingaráætlunar til næstu tíu ára með hliðsjón af forgangsröðunarviðmiðum.

Vinnu hópsins verði áfangaskipt. Í fyrri áfanga verði gerð tillaga til borgarráðs um viðmið vegna forgangsröðunar viðbygginga og meiriháttar endurbóta skólahúsnæðis.

Þau taki meðal annars mið af vægi ólíkra þátta, s.s.:

Núverandi húsnæði, félagslegir og lýðfræðilegir þættir

- Fjöldi nemenda og starfsfólks, nemendaspár og núverandi rýmisnotkun
- Aldur og ástand húsnæðis
- Nýting mannvirkja yfir árið, innan og utan skólatíma
- Jafnrétti/jafnræði
- Aðgengismál
- Samræmi við stefnu og viðmið Reykjavíkur um skóla- og frístundahúsnæði

Fjárhagslegir þættir

- Árlegur kostnaður
- Fjárfesting
- Leiga á viðbótarhúsnæði í nágrenni, í húsnæði borgarinnar eða þriðja aðila
- Viðbótar rekstrarkostnaður
- Viðbótar leigukostnaður
- Viðhaldskostnaður

Í seinni áfanganum skili stýrihópurinn umsögn um forgangsröðun viðbygginga og meiriháttar endurbóta.

Stefna um skóla og frístundahúsnæði:

Skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur hafa sett fram drög að viðmiðum fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingar á húsnæði fyrir leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og skólahljómsveitir. Í viðmiðunum er að finna nánari leiðsögn til hönnuða um einstök rými, tengsl, stærð, efnisval, búnað ofl. Þessi viðmið eru í umsagnarferli.

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf markast af þremur grundvallarþáttum sem fanga meginmarkmið og áherslur menntastefnu borgarinnar.

Hver þáttur felur í sér áherslur um gæði umhverfis og allra mannvirkja, jafnt í byggingum sem og umhverfi þeirra sem og framtíðarsýn þeirri er birtist í Græna planinu.

1. *Menntastefnan og mannvirkin* - Hér er horft til þeirrar umgjörðar sem skapa þarf í húsnæði skóla- og frístundastarfs til að hlúa að grundvallarþáttum menntastefnunnar. Þar er barnið í öndvegi og þeir fimm hæfnipættir sem mynda kjölfestu menntastefnunnar og ólíkum þörfum barna og starfsfólks er mætt í umhverfinu að teknu tilliti til jafnréttis- og margbreytileikasjónarmiða.
2. *Bygging, umhverfi og samfélag* - Þessi grunnþáttur hverfist um arkitektúr og rýmisgildi byggingarinnar, þ.e. hvernig einstakir byggingarhlutar tengjast og tryggja sveigjanleika og fjölbreytni í notkun og rekstri. Samhliða er lögð áhersla á að byggingin skapi samfellu við umhverfi og samfélag.
3. *Ábyrg hönnun* - Græna planið er framtíðarsýn fyrir borgina og áætlun um græna endurreisn samfélagsins til framtíðar. Umhverfis-, fjárhags- og félagsleg sjálfbærni verður leiðarljós í ákvörðunum um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.

Í síðari áfanga verði veitt umsögn um fyrirliggjandi óskir um viðbyggingar og meiriháttar endurbótaverkefni og forgangsröðun þeirra. Niðurstöðurnar verði nýttar til útfærslu á og forgangsröðun innan fjárfestingaáætlunar til 2030.

Hópin skipa:

Þrír borgarfulltrúar skipaðir af borgarráði;

Pawel Bartoszek, formaður,

Skúli Helgason

NN, fulltrúi minnihluta

Með hópnum starfa:

Fulltrúi eignaskrifstofu

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

Fulltrúi skóla- og frístundasviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn hefur heimild til aðkeyptrar ráðgjafar í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Í fyrri áfanga skili stýrihópurinn umsögn um forgangsröðun fjárfestinga og framkvæmda sbr. framangreint fyrir 15. apríl 2022.

Reykjavík, [DAGS]

Dagur B. Eggertsson